



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

26. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg,
11. febrúar 2025 klukkan 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Dagný Davíðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar (í fjarveru Önnu Margrétar)
Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri
Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóla
Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Bryndís Edda Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Móttökuáætlanir

Endurskoðaðar móttökuáætlanir skólans voru lagðar fram til samþykktar.

Áætlanirnar voru samþykktar samhljóða.

2. Starfsskrá frístundastarfs

Starfsskrá frístundastarfs lögð fram til kynningar.

3. Reglur um frístundaheimili Kerhólsskóla

Uppfærðar reglur um frístundaheimili lagðar fram til samþykktar.

Reglurnar samþykktar en lögð er til hækkun á afslætti fyrir einstæða foreldra úr 20% í 40% til samræmis við afslátt fyrir foreldra í námi. Samþykkt samhljóða.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Skólaþing

Guðrún Ása sagði frá nemendabingi sem haldið var í Kerhólsskóla á dögnum. Nemendur komu með mikið af góðum hugmyndum fyrir vinnu næstu skólastefnu sveitarfélagsins sem verða notaðar sem grunnur fyrir umræður og vinnu á skólaþingi.

Drög að dagskrá skólaþings voru lögð fram, rædd og samþykkt.

5. Önnur mál

Rædd var stofnun vinnuhóps varðandi framtíðarskólahúsnæði Kerhólsskóla, hvernig núverandi húsnæði sveitarfélagsins verður notað eftir að viðbygging verður tekin í notkun og skrifstofur sveitarstjórnar fluttar.

Tilkynnt var að hafin er vinna við breytingar á leikskólalóð auk þess áætlað er að stækka byggingareit skólahúsnæðis.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:28.